

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu
hlunninda af villtum fuglum, sbr. síðari breytingar.

1. gr.

Við tölulið nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 bætast tvær nýjar mgr. sem hljóða svo:
Óheimilt er, vegna rannsókna á vetrarafföllum rjúpna, að veiða rjúpu árið 2000 á svæði austan Eyjafjarðar sem afmarkast af strönd Eyjafjarðar í vestri, vegi um Víkurskarð í suðri, Fnjóská í austri og slóða norður á Flateyjarðal til sjávar. Norðurmörkin fylgja ströndinni.

Þá er óheimilt, vegna rannsókna á vetrarafföllum rjúpna, að veiða rjúpu árið 2001 á svæði vestan Eyjafjarðar sem afmarkast af strönd Eyjafjarðar í austri, Hörgá í suðri og síðan Barká í Barkárjökul. Vesturmörkin eru sýslumörk Skagafjarðar og Eyjafjarðar frá Barkárjökli og áfram norður í sjó í Hvanndalabjargi. Norðurmörkin fylgja síðan strandlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.